

Fundur OS og OD, 26.01.88, um Jan  
Mayen-svæðið

**Karl Gunnarsson**

**Greinargerð KG-88-01**

### FUNDUR OS OG OD, 26.01.88, UM JAN MAYEN-SVÆÐIÐ

Finn Aamodt (avdelingsdirektör) og Morten Sand (senior geolog) frá Olústofnuninni í Stavanger (OD) voru staddir hér á landi vegna fundarhalda um hafréttarmál í norðurhöfum. Þeir notuðu tækifærið til að hitta Orkustofnunarmenn og ræða framhald rannsókna og olíuleitar á Jan Mayen-svæði. Fundurinn var haldinn á Orkustofnun með Karli Gunnarssyni, Axel Björnssyni og Ólafi Flóvenz. Finn sagði frá því að hann þyrfti í byrjun febrúar að halda fundi með olíuráðuneytismönnum í Noregi, og myndu þeir leggja línurnar í olíuleitarmálum á norsku landgrunni í framtíðinni. Hann vildi fá að vita ef Íslendingar hefðu nokkrar sérstakar kröfur eða óskir í þeim málum. Við sögðumst ekki hafa neinar ákveðnar línur í þessum málum, vildum gjarnan að málum miðaði fram, en gerðum okkur grein fyrir að nýting náttúruauðæfa Jan Mayen-svæðisins væri ekki á næstu grösom.

Af sölu mæligagnanna af Jan Mayen hryggjar er það að fréttu að aðeins einn kaupandi hefur fundist að gögnunum úr 1985 mælingunum. Statoil hefur keypt "minni pakkann" (tæpan helming gagnanna), og tregt gengur í sölnunni miðað við þau svæði sem þykja meira spennandi. Gagnasalan getur þó tekið við sér seinna, því gögnin halda leyndarákvæðum sínum (samkvæmt norskum reglum) þar til svæðið er bútað niður og boðið út til nýtingar. Þá er úthlutað "production licence". Langt er áreiðanlega í það að til þess komi.

Þeir töldu ekki líklegt að norsk yfirvöld vildu nú leggja verulegan pening í rannsóknir á svæðinu. Þó munum við leggja fram í sameiginlegri lokaskýrslu um fyrri mælingar, lista yfir hugsanlegar rannsóknir sem gera mætti á svæðinu.

Finn sagði að nú þegar væri hægt að opna svæðið fyrir rannsóknum með því að lýsa því yfir að svokölluð "reconnaissance licence" væru fánleg. Þá hafa fyrirtæki leyfi til að rannsaka svæði með yfirborðsmælingum án allra skuldbindinga ríkisins. Oft er þá fyrirtækið skyldað til að kaupa þau gögn sem fyrir liggja. Þessi aðgerð er þó gagnlaus ef ekkert fyrirtæki hefur áhuga, og líklega væri full snemmt að hugsa til þessa. Við báðum þá að senda okkur lýsingu á leyfisveitingakerfinu norska svo við gætum skilið hvernig þau mál gætu snert íslenska hagsmuni á Jan Mayen hrygg, og við gætum því næst gert yfirvöldum hér grein fyrir því hvaða ákvarðanir þyrfti að taka þegar þar að kemur.

Morten sagði frá því að fjármögnun OD á samvinnuverkefnum við OS nú á árinu sé örugg. Þau eru endurkastsmælingar á J.M.-svæðinu, og úrvinnsla hlustunarduflamælinga úr 1985-siglingunni á Orkustofnun.

Lokaniðurstaða er sú að engar ákvarðanir voru teknar nú, en sambandi verður haldið um þessi mál.